→ vél á móti Kelvin er ekki til

Vél á móti Clausius



1. lögmálið: $Q_h - Q_e = W$

→ eina verkun vélarinnar er að breyta varma í vinnu

Gengur á móti Kelvin

Ísskápur

$$\eta = \frac{Q_e}{W}$$



fyrir Carnot ísskáp

$$\eta_{carnot} = \frac{T_e}{T_h - T_e}$$

Getur gefið nýtni yfir 100%

Varmadæla



$$\eta = \frac{Q_h}{W}$$

$$Q_h > W \rightarrow \eta > 1$$

1

Setning Clausiusar

Fyrir vél Carnots fékkst

$$\frac{Q_h}{Q_\ell} = \frac{T_h}{T_\ell}$$

Allar jafngengar vélar milli T_h og T_ℓ eru með nýtnina η_{carnot}.

Ef ΔQ_{rev} er varminn sem vélin tekur á hverjum tíma þá er

$$\sum_{lota} \frac{\Delta Q_{rev}}{T} = \underbrace{\frac{Q_h}{T_h} - \frac{Q_\ell}{T_\ell}}_{=0} = 0$$

Eða fyrir lotu Carnots

$$\oint \frac{dQ}{T} = 0$$

Skoðum almenna vél, jafngenga eða ekki



$$\Delta W = \sum_{lota} dQ_i$$

2

Breytum þ.a. varminn komi inn um jafngenga Carnot vél



$$\underbrace{\frac{dQ_i}{T_i}}_{\text{varmi í } T_i} = \frac{\overbrace{dQ_i + dW_i}^{\text{varmi úr } T}}{T}$$

$$\to dW_i = dQ_i\left(\frac{T}{T_i} - 1\right)$$

Heildarvinnan út úr einni lotu

$$= \Delta W + \sum_{lota} dW_i \le 0$$

Annars brjótum við 2. lögmál í framsetn. Kelvin

$$= \sum_{lota}\left\{dQ_i + dQ_i\left(\frac{T}{T_i} - 1\right)\right\} \le 0$$

$$\to T \sum_{lota} \frac{dQ_i}{T_i} \le 0$$

Eða þ.s. $T > 0$

$$\oint \frac{dQ}{T} \le 0$$

3

Setning Clausius er því

> Fyrir lotubundið ferli gildir
> $$\oint \frac{dQ}{T} \le 0,$$
> og jafnaðarmerkið gildir fyrir jafngengt ferli

Ójafnan er fyrir almennt lotubundið ferli jafngengt eða eingengt

Verður notað til að skilgreina óreiðu (entropy) í varmafræði

4

Samkvæmt Clausius

$$\oint \frac{dQ_{rev}}{T} = 0$$

$$\Downarrow$$

$\int_A^B \frac{dQ_{rev}}{T}$ er óháð slóð

$$\Downarrow$$

$\frac{dQ_{rev}}{T}$ er nákvæm afleiða og við köllum ástandsbreytuna S, skilgreinda með

$$\boxed{dS = \frac{dQ_{rev}}{T}}$$

Óreiða

$$S(B) - S(A) = \int_A^B \frac{dQ_{rev}}{T}$$

Óvermið ferli með $dQ_{rev} = 0$ breytir ekki óreiðu

Óvermið ferli (adiabatic) oft kallað jafnóreiðu ferli (isentropic)

Eingeng ferli

(5)

Clausius sýndi að

$$\oint \frac{dQ}{T} \le 0$$

skoðum ferli



$$\int_A^B \frac{dQ}{T} + \int_B^A \frac{dQ_{rev}}{T} \le 0$$

eða $\int_A^B \frac{dQ}{T} \le -\int_B^A \frac{dQ_{rev}}{T}$

og $\int_A^B \frac{dQ}{T} \le \int_A^B \frac{dQ_{rev}}{T}$

óháð hversu nærri B er A

$$\to \quad ds = \frac{dQ_{rev}}{T} \ge \frac{dQ}{T}$$

= gildir aðeins fyrir jafngengt ferli

Einangrað kerfi

(6)

$\to \quad dQ = 0$

$\to \quad \boxed{ds \ge 0}$

Er í raun önnur útsetning á 2. lögmálinu.

Í lokuðu kerfi getur óreiðan aðeins vaxið eða staðið í stað (eingengt ferli)

Alheimurinn (er lokaður)
lögmálin $\to$
1. U = fasti
2. S vex

Skoðum

$t = 0$: T_S T_R

t = miklu seinna eru báðir hlutar við sama hitastig T_R

$\downarrow$

varminn frá R í S

$$\Delta Q = C(T_R - T_S)$$

Reiknum ΔS

(7)

varmi frá R

$$\Delta S_R = \int \frac{dQ}{T_R} = \frac{1}{T_R}\int dQ = -\frac{\Delta Q}{T_R} = \frac{C(T_S - T_R)}{T_R}$$

$$\Delta S_S = \int \frac{dQ}{T} = \int_{T_S}^{T_R} \frac{C\,dT}{T} = C\ln\left(\frac{T_R}{T_S}\right)$$

$$\Delta S_{tot} = \Delta S_S + \Delta S_R = C\left\{\ln\left(\frac{T_R}{T_S}\right) + \frac{T_S}{T_R} - 1\right\}$$

Athugum á mynd

(8)

S hitnar | S kólnar



$$\Delta S_{tot} \ge 0$$

1. lögmálið endurritað

$$dU = đQ + đW$$

fyrir jafngengt ferli gildir

$$đQ = Tds$$

og

$$đW = -pdV$$

$$\to \quad dU = Tds - pdV$$

leitt út fyrir jafngeng ferli

En allar breytur hér eru ástandsbreytur óháðar slóð.

því gildir alltaf

$$\boxed{dU = Tds - pdV}$$

S og V eru náttúrulegar magnbundnar breytur

p og T eru ~~það~~ ekki

og
$$dU = \left(\frac{\partial U}{\partial S}\right)_V dS + \left(\frac{\partial U}{\partial V}\right)_S dV$$

og því

$$\boxed{T = \left(\frac{\partial U}{\partial S}\right)_V \qquad p = -\left(\frac{\partial U}{\partial V}\right)_S}$$

Enn fremur

$$\frac{p}{T} = -\left(\frac{\partial U}{\partial V}\right)_S \left(\frac{\partial S}{\partial U}\right)_V = \left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_U$$

þar sem við notum
$$\left(\frac{\partial x}{\partial y}\right)_z = -\left(\frac{\partial x}{\partial z}\right)_y \left(\frac{\partial z}{\partial y}\right)_x$$

Dæmi   tvö kerfi við $T_1 p_1$ og $T_2 p_2$



leyfum færslu á ΔU og ΔV frá 1 -> 2

sýna að jafnvægi náist þegar $T_1 = T_2$ og $p_1 = p_2$

$$dU = Tds - pdV \quad \to \quad ds = \frac{dU}{T} + \frac{pdV}{T}$$

$$\Delta S_1 = -\frac{\Delta U}{T_1} - \frac{\Delta V}{T_1} p_1$$

$$\Delta S_2 = \frac{\Delta U}{T_2} + \frac{\Delta V}{T_2} p_2$$

$$\Delta S = \Delta S_1 + \Delta S_2 = \left(\frac{1}{T_2} - \frac{1}{T_1}\right)\Delta U + \left(\frac{p_2}{T_2} - \frac{p_1}{T_1}\right)\Delta V$$

Óreiðan S fær hæstgildi þegar $\Delta S = 0$

þ.e. þegar $T_1 = T_2$ og $p_1 = p_2$

Joule útþensla gass

einangrað kerfi
$\Delta U = 0$

Kjörgas

$$p_i V_0 = RT_i \qquad \Delta U = 0 \quad \text{og} \quad U = U(T)$$

$$p_f (2V_0) = RT_f \qquad \to \quad \Delta T = 0, \ T_i = T_f$$

$$p_f = \frac{p_i}{2}$$

ferlið er ójafnvægis ferli
p og V ekki vel skilgreind í ferlinu,
en S er ástandsbreyta, notum
upphafs og loka ástönd

Reiknum ΔS fyrir jafnhita jafngengið ferli $p = \frac{RT}{V}$

$$dU = 0 \quad \to \quad \Delta S = \int_i^f dS = \int_{V_0}^{2V_0} \frac{pdV}{T} = \int_{V_0}^{2V_0} \frac{RdV}{V}$$

$$= R \ln 2$$

fyrir jafngengna jafnhita útþenslu

$$\Delta S_{gas} = R \ln 2$$
$$\Delta S_{surr} = -R \ln 2$$
$$\Delta S_{univ} = 0$$

verða að vera sama niðurstaðan fyrir kjörgas

Joule útþensla í einangruðu kerfi

$$\Delta S_{gas} = R \ln 2$$
$$\Delta S_{surr} = 0$$
$$\Delta S_{univ} = R \ln 2$$

Endurskoðun

Endurþjöppun jafngeng jafnhita þjöppun

$$\Delta W = -\int_{2V_0}^{V_0} p\,dV = -\int_{2V_0}^{V_0} \frac{RT}{V}\,dV = RT \ln 2 = T\Delta S_{gas}$$

mótsögn?

- Einangrað kerfi: $\Delta Q = 0$
- Engin vinna: $\Delta W = 0$
- $\Delta U = 0 \rightarrow \Delta T = 0$ fyrir kjörgas
- En þó $\Delta Q = 0$ þá gildir ekki $\Delta S = \frac{\Delta Q}{T} = 0$

$dQ = TdS$ er aðeins rétt fyrir jafngeng ferli

fyrir ójafngeng ferli $dQ \leq TdS$

Tölfræðin að baki óreiðu

Vorum búin að koma 1. lögmálinu í búning

$$dU = TdS - pdV$$

$$\rightarrow \quad T = \left(\frac{\partial U}{\partial S}\right)_V \quad \rightarrow \quad \frac{1}{T} = \left(\frac{\partial S}{\partial U}\right)_V$$

Áður notuðum við tölfræði til að skilgreina

$$\frac{1}{k_B T} = \frac{d}{dE} \ln \Omega$$

því skrifum við (fyrir lítil kerfi fundið – útvíkkað seinna)

$$\rightarrow \quad \boxed{S = k_B \ln \Omega}$$

Tengsl við Joule-þenslu



eftir útþenslu eru 2^{N_A} möguleikar til að setja sameindirnar í vinstri eða hægri hluta kerfisins

$$\longrightarrow \quad \Delta S = k_B \ln\left(2^{N_A}\right) = k_B N_A \ln 2 = R \ln 2$$

sama niðurstaða eins og með varmafræðinni

Óreiða blöndunar

Tvær gastegundir, 1 og 2

$$p = \frac{N}{V} k_B T$$

$\rightarrow$ fjöldi sameinda í 1: xN

— || — 2: $(1-x)N$

$$p = \frac{Nx}{Vx} k_B T = \frac{N(1-x)}{V(1-x)} k_B T$$

3

Hugsum okkur jafnlíta jafngenga blöndun
(Joule þenslu hvors gass inn í heildar rúmmálið V)

$$\Delta U = 0 \;\rightarrow\; T\,dS = p\,dV \;\rightarrow\; dS = \frac{p}{T}dV = Nk_B\frac{dV}{V}$$

$$\rightarrow\; \Delta S = xNk_B\int_{xV}^{V}\frac{dV_1}{V_1} + (1-x)Nk_B\int_{(1-x)V}^{V}\frac{dV_2}{V_2}$$

$$= xNk_B\ln\left(\frac{V}{xV}\right) + (1-x)Nk_B\ln\left(\frac{V}{(1-x)V}\right)$$

$$= -Nk_B\left\{x\ln x + (1-x)\ln(1-x)\right\}$$

4

Joule þensla með $x=\frac{1}{2}$ leiddi til $\Delta S = Nk_B\ln 2$



En ef ① og ② eru sömu gastegundirnar ætti $\Delta S = 0$
Eigum eftir að fjalla um óaðgreinanleikann í skammtafræði

5

Púki Maxwells



Væri hægt að hugsa sér „púka" sem veldi sameindir yfir í annan helming kerfisins?

Fyrstu hugmyndir voru að hann framkvæmdi enga vinnu í pdV-samhengi, en gæti breytt óreiðu kerfis

Púkinn reiknar og geymir upplýsingar ← $\boxed{\text{kostar orku og óreiðu}}$

Rolf Landauer, „Irreversibility and heat generation in computing process", IBM Journal of Research and Development 5, 183, doi: 10.1147/rd.53.0183

6

Óreiða og líkindi

Hugsum kerfi með N-mismunandi jafn líkleg smásæ ástönd

Kerfið er með n_i smásæ ástönd í hverju stórsæju ástandi i

$$\rightarrow\; \sum_i n_i = N$$

Líkindi þess að kerfið sé í ástandi i er

$$P_i = \frac{n_i}{N}$$

Augljóslega gildir

$$\sum_i P_i = 1$$

Heildar óreiðan er

$$S_{tot} = k_B\ln N$$

7

$$S_{tot} = S + S_{micro}$$

vegna mögulegra smásærra ástanda í stórsæju ástöndunum

vegna mögulegra stórsærra ástanda Óreiðan sem við getum mælt þ.s. við þekkjum stórsæju ástöndin

sem við þekkjum ekki endilega og getum ekki mælt

$$S_{micro} = \langle S_i \rangle = \sum_i P_i S_i \qquad S_i = k_B \ln n_i$$

$$\boxed{S} = S_{tot} - S_{micro}$$

$\sum P_i = 1$

$$= k_B \left\{ \ln N - \sum_i P_i \ln n_i \right\} = k_B \sum_i P_i \left\{ \ln N - \ln n_i \right\}$$

$$= -k_B \sum_i P_i \ln\left(\frac{n_i}{N}\right) = \boxed{-k_B \sum_i P_i \ln P_i}$$

Gibbs

8

Dæmi

Ω - stórsæ ástönd með líkindi $P_i = \frac{1}{\Omega}$ (litla kórsafnið)

$$S = -k_B \sum_i P_i \ln P_i = -k_B \sum_{i=1}^{\Omega} \frac{1}{\Omega} \ln \frac{1}{\Omega} = -k_B \ln\left(\frac{1}{\Omega}\right)$$

$$= k_B \ln \Omega$$

Max gildi S með skorðum $\sum P_i = 1$ og $\sum_i P_i E_i = U$

(kórsafnið)

Lagrange margfaldarar: Hámarka

$$\frac{S}{k_B} - \alpha \left\{ \sum_i P_i \right\} - \beta \left\{ \sum_i P_i E_i \right\}$$

$$\longrightarrow \frac{\partial}{\partial P_j} \left\{ -\sum_i \left(P_i \ln P_i - \alpha P_i - \beta P_i E_i \right) \right\} = 0$$

9

$$\longrightarrow -\ln P_j - 1 - \alpha - \beta E_j = 0$$

$$\longrightarrow P_j = \frac{e^{-\beta E_j}}{e^{1+\alpha}}$$

$$\longrightarrow = \frac{e^{-\beta E_j}}{Z}$$

Boltzmanndreifing (Kórsafnið)

1

Varmamælti

1. lögmálið var endurritað sem

$$dU = TdS - pdV$$

$\longrightarrow U = U(S,V)$

Ef S og V er haldið föstu

$\longrightarrow dU = 0$

Einnig fékkst

$$T = \left(\frac{\partial U}{\partial S}\right)_V$$

$$p = \left(\frac{\partial U}{\partial V}\right)_S$$

Því gildir fyrir ferli í föstu rúmmáli V (isochoric)

$$dU = TdS$$

fyrir jafngengt ferli

$$dQ = TdS$$

$$\longrightarrow dU = đQ_{rev} = C_V dT$$

$$\longrightarrow \Delta U = \int_{T_1}^{T_2} C_V dT$$

En hvernig getum við lýst kerfum með fast p?

Vermi (Enthalpy)

$$\boxed{H = U + pV}$$

Í raun eru mættin öll Legendre ummyndun á U t.þ.a. skipta um breytur

$$dH = \overbrace{Tds - pdV}^{dU} + pdV + Vdp$$

$$= Tds + Vdp$$

$$\rightarrow H = H(S, p)$$

fyrir jafnþrýsti ferli (isobaric) ②

$$dH = Tds$$

fyrir jafngengt ferli $Tds = đQ_{rev}$

$$dH = đQ_{rev} = C_p dT$$

$$\Delta H = \int_{T_1}^{T_2} C_p dT$$

fyrir jafngengt og jafnþrýsti ferli er H varminn tekinn upp í kerfið (þ.v. vermi)

Tilraunir í lofti í efnafræði eru jafnþrýsti tilraunir

Ef S og p eru bæði fastar fast $dH = 0$

$$dH = Tds + Vdp$$

$$\rightarrow \left(\frac{\partial H}{\partial s}\right)_p = T$$

$$\left(\frac{\partial H}{\partial p}\right)_s = V$$

Bæði U og H líða fyrir að S er ekki einföld breyta til að stýra í tilraun

$\longrightarrow$

Mætti Helmholtz F ③

$$\boxed{F = U - TS}$$

$$dF = \overbrace{Tds - pdV}^{dU} - Tds - SdT$$

$$= -SdT - pdV$$

$$\longrightarrow F = F(T, V)$$

fyrir jafnhita ferli (isothermal)

$$dF = -pdV$$

$$\rightarrow \Delta F = -\int_{V_1}^{V_2} pdV$$

$\Delta F > 0$: jafngeng vinna umhverfis á kerfið

$\Delta F < 0$: — " — kerfis á umhverfið

Sjáum bráðlega að F tákni max vinnu sem hægt er að fá úr kerfi við fast hitastig

$$dF = -SdT - pdV$$

þrí fast

$$S = -\left(\frac{\partial F}{\partial T}\right)_V$$

$$p = -\left(\frac{\partial F}{\partial V}\right)_T$$

ef V og T eru fastar fast $dF = 0$

Mætti Gibbs, G ④

$$\boxed{G = H - TS}$$

$$\rightarrow dG = \overbrace{TdS + Vdp}^{dH} - TdS - SdT$$

$$= -SdT + Vdp$$

$$\rightarrow G = G(T, p)$$

fyrir fast T og p fast $dG = 0$

G er varðveitt í jafn-hita og þrýstings ferlum

$$S = -\left(\frac{\partial G}{\partial T}\right)_p$$

$$V = \left(\frac{\partial G}{\partial p}\right)_T$$

⑤

$$S = -\left(\frac{\partial F}{\partial T}\right)_V, \quad S = -\left(\frac{\partial G}{\partial T}\right)_p$$

$$U = F + TS = F - T\left(\frac{\partial F}{\partial T}\right)_V = -T^2\left(\frac{\partial (F/T)}{\partial T}\right)_V$$

$$H = G + TS = G - T\left(\frac{\partial G}{\partial T}\right)_p = -T^2\left(\frac{\partial (G/T)}{\partial T}\right)_p$$

eru Gibbs-Helmholtz-jöfnurnar, þægilegar fyrir efnafræði . . .

6

Skorður

Athugum kerfi með fast rúmmál V við fast T vegna tengsla við umhverfið

Ef $đQ$ kemur inn í kerfið breytist óreiða umhverfis

$$dS_0 = -\frac{đQ}{T}$$

og alheims — Kerfi

$$dS + dS_0 \geq 0$$

$$\rightarrow \quad dS - \frac{đQ}{T} \geq 0$$

eða

$$T\,dS \geq đQ$$

fyrsta lögmálið

$$dU = đQ + đW$$

$$T\,dS \geq dU - đW$$

umröðum

$$đW \geq dU - T\,dS$$

T er fast

$$\rightarrow dF = d(U - TS) = dU - T\,dS$$

$$đW \geq dF$$

7

Vinna á kerfinu eykur mátti Helmholtz eða frjálsu orku Helmholtz

Í jafngengu ferli

$$đW = dF$$

Dæmi: olía brennd

„Frjálsa orkan" er þá skilgreind í samræmi við skorður á kerfinu

Í föstu rúmmáli → olía og loft

→ Helmholtz F

Ef í opnu kerfi við fast p

→ Gibbs G

Skoðum almennar

Kerfi leyfir varmaflutning til og frá umhverfi og vinnu. Haldið við T_0 og p_0

fyrsta lögmálið

$$đQ = dU - đW - \underbrace{(-p_0\,dV)}_{\text{mekanísk vinna umhverfis}}$$

varmi inn í kerfið → óreiðubreyting þess

$$T_0\,dS \geq đQ$$

$$\rightarrow \quad đW \geq dU + p_0\,dV - T_0\,dS$$

8

Skilgreinum tiltæka orku

$$A = U + p_0 V - T_0 S$$

framsetning A mun breytast með skorðum á kerfinu

p_0 og T_0 eru fastar

$$\rightarrow dA = dU + p_0\,dV - T_0\,dS$$

og því fæst

$$đW \geq dA$$

Mekanískt einangrað kerfi

$$\rightarrow \boxed{dA \leq 0}$$

Jafnvægi næst með því að A lágmarkast

Flokkum skorður

V fast og $đQ = 0$

$$dU = 0$$

$$\rightarrow dA = -T_0\,dS$$

$$dA \leq 0 \rightarrow dS \geq 0$$

því þarf að hámarka S til að finna jafnvægisástandið

9

V og T fast

$$dA = dU - T_0\,dS \leq 0$$

$$dT = 0$$

$$dF = dU - T_0\,dS - S\,dT$$
$$= dU - T_0\,dS$$

$$\rightarrow dA = dF \leq 0$$

Verðum að lágmarka F til að finna jafnvægisástandið

p og T fast

$$dA = dU - T_0\,dS + p_0\,dV \leq 0$$

$$G = H - TS \quad (H = U + pV)$$

$$dG = dU + p_0\,dV + V\,dp - T_0\,dS - S\,dT$$
$$= dU - T_0\,dS + p_0\,dV$$

$$\rightarrow dA = dG \leq 0$$

Verðum að lágmarka G til að finna jafnvægisástandið

Algengt er að tilraunir í efnafræði séu við fastan þrýsting

$$\Delta H = \Delta Q$$

er varminn í jafngengu ferlinu sem bætt er í kerfið

$\Delta H < 0$: útvermið

$\Delta H > 0$: innvermið

Virkjunarorka getur flækt myndina. Getum þurft að skoða fleira en G hér.

(10)

Vensl Maxwells

'Ástandsbreyta eða fall $f(x,y)$

$$\rightarrow\ df = \left(\frac{\partial f}{\partial x}\right)_y dx + \left(\frac{\partial f}{\partial y}\right)_x dy$$

$F_x(x,y)dx + F_y(x,y)dy$ er nákvæm afleiða ef $\vec{F} = \vec{\nabla} f$

$$F_x = \left(\frac{\partial f}{\partial x}\right)_y, \quad F_y = \left(\frac{\partial f}{\partial y}\right)_x$$

þá gildir líka að $\vec{\nabla}\times\vec{F} = 0$

$$\rightarrow\ \hat{z}\left(\frac{\partial F_y}{\partial x} - \frac{\partial F_x}{\partial y}\right) = 0$$

$$\left(\frac{\partial F_y}{\partial x}\right)_y = \left(\frac{\partial F_x}{\partial y}\right)_x$$

Beitum $\quad G = G(T,p)$

$$dG = -SdT + Vdp$$

og

$$dG = \left(\frac{\partial G}{\partial T}\right)_p dT + \left(\frac{\partial G}{\partial p}\right)_T dp$$

því er

$$\begin{cases} S = -\left(\frac{\partial G}{\partial T}\right)_p \\ V = \left(\frac{\partial G}{\partial p}\right)_T \end{cases}$$

$$\boxed{-\left(\frac{\partial S}{\partial p}\right)_T = \left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p}$$

(11)

frekari vensl eru

$$\left(\frac{\partial T}{\partial V}\right)_S = -\left(\frac{\partial p}{\partial S}\right)_V$$

$$\left(\frac{\partial T}{\partial p}\right)_S = \left(\frac{\partial V}{\partial S}\right)_p$$

$$\left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_T = \left(\frac{\partial p}{\partial T}\right)_V$$

$$\left(\frac{\partial S}{\partial p}\right)_T = -\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p$$

? $\qquad$ Jafnþrýsti hitaþensla

leiða út <-> ekki leggja á minnið

Dæmi

Finna jöfnur fyrir $\left(\frac{\partial C_p}{\partial p}\right)_T$ og $\left(\frac{\partial C_V}{\partial V}\right)_T$ í breytum p, V og T

þó afleiðan sem skilgreini C_p sé tekin við fast p getur C_p verið fall af p

$$C_V = \left(\frac{\partial Q}{\partial T}\right)_V = T\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_V$$

$$C_p = \left(\frac{\partial Q}{\partial T}\right)_p = T\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_p$$

(12)

Reynum

$$\left(\frac{\partial C_p}{\partial p}\right)_T = \left(\frac{\partial}{\partial p}T\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_p\right)_T = T\left(\frac{\partial}{\partial p}\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_p\right)_T$$

$$= T\left(\frac{\partial}{\partial T}\underbrace{\left(\frac{\partial S}{\partial p}\right)_T}\right)_p = -T\left(\frac{\partial^2 V}{\partial T^2}\right)_p$$

$$\underbrace{\left(\frac{\partial S}{\partial p}\right)_T = -\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p}_{\text{Maxwell}}$$

eins fæst

$$\left(\frac{\partial C_V}{\partial V}\right)_T = T\left(\frac{\partial^2 p}{\partial T^2}\right)_V$$

fyrir kjörgas eru báðar stærðirnar 0, en þurfa ekki að vera það fyrir raungas

(1)

Tæknileg skref

① Skrifið varmafræðilegt mætti með viðeigandi breytum

② Notið vensl Maxwells til að umrita hlutafleiður yfir í þægilegar

③ Munið eftir

$$\left(\frac{\partial x}{\partial z}\right)_y = \frac{1}{\left(\frac{\partial z}{\partial x}\right)_y}$$

④ Munið eftir

$$\left(\frac{\partial x}{\partial y}\right)_z\left(\frac{\partial y}{\partial z}\right)_x\left(\frac{\partial z}{\partial x}\right)_y = -1$$

og

$$\left(\frac{\partial x}{\partial y}\right)_z = -\left(\frac{\partial x}{\partial z}\right)_y\left(\frac{\partial z}{\partial y}\right)_x$$

⑤ Takið eftir varmarýmd

$$\frac{C_V}{T} = \left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_V, \quad \frac{C_p}{T} = \left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_p$$

⑥ Takið eftir „viðtaki"

$$\beta_p = \frac{1}{V}\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p \quad \text{jafnþrýstiþensla}$$

$$\beta_S = \frac{1}{V}\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_S \quad \text{óvermin þensla}$$

(2)

$$\kappa_T = -\frac{1}{V}\left(\frac{\partial V}{\partial p}\right)_T$$ jafnhita þjöppun

$$\kappa_S = -\frac{1}{V}\left(\frac{\partial V}{\partial p}\right)_S$$ óvermin þjöppun

---

Dæmi $\underbrace{S = S(T,V)}$ → sýna að $C_p - C_V = VT\frac{\beta_p^2}{\kappa_T}$

$$\rightarrow ds = \left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_V dT + \left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_T dV$$

$$\rightarrow \underbrace{\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_p}_{\frac{C_p}{T}} = \underbrace{\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_V}_{\frac{C_V}{T}} + \underbrace{\left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_T}_{\left(\frac{\partial p}{\partial T}\right)_V}\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p$$

$\left(\frac{\partial p}{\partial T}\right)_V$ Maxwell

$$\left(\frac{\partial p}{\partial T}\right)_V = -\left(\frac{\partial p}{\partial V}\right)_T\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p$$

$$\rightarrow \underbrace{\frac{C_p}{T} - \frac{C_V}{T} = -\left(\frac{\partial p}{\partial V}\right)_T\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p^2}$$

$$C_p - C_V = \frac{T}{\kappa_T V}V^2\beta_p^2 = VT\frac{\beta_p^2}{\kappa_T}$$

(3)

Dæmi Óreiða eins móls kjörgass

Maxwell $\left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_T = \left(\frac{\partial p}{\partial T}\right)_V$

$\underbrace{pV = RT}$, veljum $S = S(T,V)$

$$\rightarrow dS = \left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_V dT + \left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_T dV$$

$$= \frac{C_V}{T}dT + \underbrace{\left(\frac{\partial p}{\partial T}\right)_V}_{\frac{R}{V}} dV = \frac{C_V}{T}dT + \frac{R\,dV}{V}$$

fyrir kjörgas er C_V óháð T

$$\rightarrow S = C_V\int\frac{dT}{T} + R\int\frac{dV}{V}$$

$$= C_V \ln T + R\ln V + \text{fasti}$$

(4)

Finnum hlutfallið $\frac{\kappa_T}{\kappa_S}$

Samkvæmt skilgreiningu

$$\frac{\kappa_T}{\kappa_S} = \frac{\frac{1}{V}\left(\frac{\partial V}{\partial p}\right)_T}{\frac{1}{V}\left(\frac{\partial V}{\partial p}\right)_S} = \frac{-\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p\left(\frac{\partial T}{\partial p}\right)_V}{-\left(\frac{\partial V}{\partial S}\right)_p\left(\frac{\partial S}{\partial p}\right)_V} = \frac{\left(\frac{\partial V}{\partial T}\right)_p\left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_p}{\left(\frac{\partial p}{\partial T}\right)_V\left(\frac{\partial S}{\partial p}\right)_V}$$

$$= \frac{\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_p}{\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_V} = \frac{C_p/T}{C_V/T} = \gamma$$

---

fyrir kjörgas

$pV \sim T \rightarrow \underbrace{\frac{dp}{dV} = -\frac{p}{V}}$ eða $\frac{dp}{p} = -\frac{dV}{V}$

$$\kappa_T = -\frac{1}{V}\left(\frac{\partial V}{\partial p}\right)_T = \frac{1}{p}$$

(5)

fyrir óvermið ferli $p \sim V^{-\gamma} \rightarrow \frac{dp}{dV} = -\gamma\frac{p}{V}$

$$\kappa_S = -\frac{1}{V}\left(\frac{\partial V}{\partial p}\right)_S = \frac{1}{\gamma p}$$

$$\rightarrow \frac{\kappa_T}{\kappa_S} = \frac{1}{p}\gamma p = \gamma$$

Þriðja lögmál varmafræðinnar

$$\boxed{S \rightarrow 0 \text{ þegar } T \rightarrow 0}$$

notað til að reikna ΔS

$$C_p = T\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right)_p \rightarrow S(T) = S(T_0) + \int_{T_0}^{T} dT\,\frac{C_p}{T}$$

6

Afleiðingar

$$C = T\left(\frac{\partial S}{\partial T}\right) = \left(\frac{\partial S}{\partial \ln T}\right) \to 0\,, \qquad \beta_P \to 0$$

Kemur ekki heim og saman við kjörgas

Kjörgas er ekki til við lágt hitastig

Ekki er hægt að ná $T=0$ í endanlega mörgum skrefum

Víxlverkanir milli atóma og sameinda verða mikilvægar við lágt hitastig

og samhverfueiginleikar þeirra . . . . .

1

Jafnskipting orku

Sígild safneðlisfræði við nógu hátt T þ.a. $k_BT \gg \hbar\omega$
þ.s. $\hbar\omega$ er bilið milli orkustig (strjálla vegna skammtafræði)

Skoðum t.d. massa í gormi



Jafnvægisstaða

$$E = \frac{1}{2}mv^2 + \frac{1}{2}kx^2 = E_{kin} + E_{pot}$$

Hreintóna sveifill ef ekkert viðnám er og gormurinn skv. Lögmáli Hooks

Gerum ráð fyrir að m víxlverki við varmageymi með T (fast)
Hve mikil er meðal orkan á frelsisgráðu

Hér eru tvær slíkar, E_{kin} og E_{pot}

2

Athugum frelsisgráðu með

$$E = \alpha x^2$$

Sígilt kerfi -> Boltzmanns-dreifing. Líkindin á útslagi x eru

$$P(x) = \frac{e^{-\beta\alpha x^2}}{\int_{-\infty}^{\infty} dx\, e^{-\beta\alpha x^2}}\,, \qquad \beta = \frac{1}{k_BT}$$

og meðal orkan er því

$$\langle E\rangle = \int_{-\infty}^{\infty} dx\, P(x)\, E(x) = \frac{\int_{-\infty}^{\infty} dx\, e^{-\beta\alpha x^2}\alpha x^2}{\int_{-\infty}^{\infty} dx\, e^{-\beta\alpha x^2}}$$

$$\langle E\rangle = \frac{\sqrt{\frac{\pi}{\alpha\beta}}}{2\sqrt{\frac{\pi}{\alpha\beta^3}}} = \frac{1}{2\beta}$$

$$= \frac{1}{2}k_BT$$

Meðal orka frelsisgráðu með fleygboginn orkuferil er $\frac{1}{2}k_BT$ óháð krappa fleygbogans, α hér

Vissulega þarf að gilda $k_BT \gg \hbar\omega$ þ.s. $\omega = \sqrt{\frac{k}{m}}$ eða $\omega = \sqrt{\frac{\alpha}{2m}}$

3

Fyrir kerfi með n óháðar frelsisgráður með fleygboga orkuferla

$$E = \sum_{i=1}^{n} \alpha_i x_i^2$$

$$\langle E\rangle = \frac{\int_{-\infty}^{\infty} dx_1 \cdots \int_{-\infty}^{\infty} dx_n \left(\sum_{i=1}^{n}\alpha_i x_i^2\right) \exp\left\{-\beta\sum_{j=1}^{n}\alpha_j x_j^2\right\}}{\int_{-\infty}^{\infty} dx_1 \cdots \int_{-\infty}^{\infty} dx_n \exp\left\{-\beta\sum_{j=1}^{n}\alpha_j x_j^2\right\}}$$

$$= \sum_{i=1}^{n} \frac{\int_{-\infty}^{\infty} dx_i\, \alpha_i x_i^2 \exp\{-\beta\alpha_i x_i^2\}}{\int_{-\infty}^{\infty} dx_i \exp\{-\beta\alpha_i x_i^2\}} = \sum_{i=1}^{n}\alpha_i\langle x_i^2\rangle$$

$$= \sum_{i=1}^{n}\frac{1}{2}k_BT = \frac{n}{2}k_BT$$

4

Jafndreifing orku

> Ef orka sígilds kerfis er summa n fleygboga sveiflu-hátta og kerfið er tengt varmageymi með T þá er meðalorka kerfisins $n \cdot \frac{1}{2} k_B T$

Við herbergishita er $k_B T \sim 25$ meV ákaflega lítil orka, en ef kerfið er nógu lítið (smár massi) þá geta sveiflurnar verið miklar (t.d. létt atóm í sameind)

Þrívítt einatóma gas (kjörgas)

$$E = \sum_{i=x,y,z} \frac{1}{2} m v_i^2 \quad \rightarrow \quad \langle E \rangle = \frac{3}{2} k_B T$$

5

Snúningur tvíatóma gass



þrír höfuðásar

$$E = \frac{1}{2} m v_x^2 + \frac{1}{2} m v_y^2 + \frac{1}{2} m v_z^2 + \frac{L_1^2}{2I_1} + \frac{L_2^2}{2I_2} + \cancel{\frac{L_3^2}{2I_3}}$$

en $I_3 \ll I_1, I_2$ — hverfitregður

↳ er snúningur um I_3 ekki virkjaður fyrir venjulegt T

$$\langle E \rangle = 5 \cdot \frac{1}{2} k_B T = \frac{5}{2} k_B T$$

6

Titringshættir í tvíatóma gasi



$$E = \frac{1}{2} M (v_x^2 + v_y^2 + v_z^2) + \overbrace{\frac{L_1^2}{2I_1} + \frac{L_2^2}{2I_2}}^{\text{snúningur}}$$

$$+ \underbrace{\frac{1}{2} \mu (\dot{\vec{r}}_1 - \dot{\vec{r}}_2)^2} + \underbrace{\frac{1}{2} k \{ |\vec{r}_1 - \vec{r}_2| - \ell_0 \}^2}_{\text{fjaðurorka}}$$

massamiðja hreyfiorka

jafnvægis. lengd

Innbyrðis hreyfiorka

$$\mu = \frac{m_1 m_1}{m_1 + m_2}$$

skertur massi

$$\rightarrow \langle E \rangle = 7 \cdot \frac{1}{2} k_B T = \frac{7}{2} k_B T$$

7

Því gildir að fyrir tvíatóma sígilt kjörgas

C_V á mól er $\frac{7}{2} R$ — ekki einungis gas

fyrir sígilt kjörgas með f-frelsisgráður

C_V á mól er $\frac{f}{2} R$

C_p á mól er $\left(\frac{f}{2} + 1\right) R$

$$\gamma = \frac{C_p}{C_V} = \frac{\left(\frac{f}{2}+1\right) R}{\frac{f}{2} R} = 1 + \frac{2}{f}$$

Tenings kristallur



N-atóm

6 nágrannar hvert tengi — hvert tengi tengir 2 atóm → 3N tengi

hvert hefur hreyfiorku + fjaðurorku → 2f

$$\to \langle E\rangle = 3N\cdot \overset{f}{2}\cdot \tfrac{1}{2}k_BT = 3Nk_BT$$

$$C = \frac{\partial\langle E\rangle}{\partial T} = 3Nk_B \qquad R = N_A k_B$$

→ fyrir eitt mól af kristalli $C = 3N_Ak_B = 3R$

Varnaglar

Sígilt kerfi: $k_BT \gg \hbar\omega$ þ.s. róf $\hbar\omega(n+\frac{1}{2})$

k_BT má samt ekki verða svo hátt að místæna sveiflur örvíst

Safneðlisfræði kjörgass

Þurfum að kanna ástönd kjörgass til að geta summað yfir þau í kórsummunni

Engin víxlverkun atómanna eða sameindanna

Hugsum tening $L\times L\times L$, harðir veggir



$$\psi(x,y,z) = \left(\frac{2}{L}\right)^{3/2}\sin(k_xx)\sin(k_yy)\sin(k_zz)$$

$k_x\ k_y\ k_z$ eru stammtatölur sem ákvarða ástandið

Bylgjufallið er 0 á öllum jöðrunum

$\to \sin(k_iL)=0$, $i=x,y,z$

$\to k_i = \frac{n_i\pi}{L}$ $\quad n\in\mathbb{N}$

Orka ástandanna er

$$E(k_x,k_y,k_z) = E(n_x,n_y,n_z) = \frac{\hbar^2}{2m}(k_x^2+k_y^2+k_z^2) = \frac{\pi^2\hbar^2}{2ma^2}(n_x^2+n_y^2+n_z^2)$$

Þar sem $\hbar k_i$ má líta á sem skriðþunga

Óháðar eindir við lágt T munu sitja í lægstu ástöndunum í jafnvægi → mikilvægt að þekkja skriðþungarúmið (k_x,k_y,k_z)



hver kúluskel í skriðþungarúminu er við fasta orku því geisli hennar er $\sqrt{k_x^2+k_y^2+k_z^2}\sim k$

Því vaknar spurning: hve mörg ástönd eru á bilinu $(k, k+dk)$

$k_i = \frac{n_i\pi}{L}$ $\quad$ L er stórsæ stærð, fjöldi atóma er hár → punktar í skriðþungarúminu liggja mjög þétt

Þéttleikann má skoða í skriðþungarúminu m.t.t. k eða m.t.t. orku E (notum fyrst k)

Ástandsþéttleiki

$$g(k)dk = \frac{\text{rúmmál kúluskeljar á bili } (k,k+dk)}{\text{rúmmál um hvern } k\text{-punkt}} \qquad V = L^3$$

$$= \frac{\frac{1}{8}\times 4\pi k^2\,dk}{(\pi/L)^3} = \frac{Vk^2dk}{2\pi^2}$$

notum bara hér $n\in\mathbb{N}$, k_i eru jákvæð

$$E = \frac{\hbar^2}{2m}(k_x^2+k_y^2+k_z^2) = \frac{\hbar^2k^2}{2m} = E(k)$$

Einnar eindar kórsumma

$$Z_1 = \int_0^\infty e^{-\beta E(k)}\, g(k)\,dk$$

eigum eftir að raða mögulega sætum ástöndum, einsætum, ...

(12)

$$Z_1 = \int_0^\infty e^{-\beta \frac{\hbar^2 k^2}{2m}} \frac{V k^2 dk}{2\pi^2} = \frac{V}{\hbar^3}\left(\frac{m k_B T}{2\pi}\right)^{3/2} = V n_Q$$

þar sem n_Q er skammtaþéttleikinn $n_Q = \frac{1}{\hbar^3}\left(\frac{m k_B T}{2\pi}\right)^{3/2}$

því má skilgreina varmabylgjulengd

$$\lambda_{th} = n_Q^{-1/3} = \frac{\hbar}{\sqrt{2\pi m k_B T}}$$

og því $\boxed{Z_1 = \frac{V}{\lambda_{th}^3}}$ í réttu hlutfalli við V og $\sim T^{3/2}$

(1)

Aðgreinanleiki

Byrjum með einfalt dæmi — tveir möguleikar



Eind í tvístiga kerfi

$\rightarrow Z_1 = e^0 + e^{-\beta\epsilon} = 1 + e^{-\beta\epsilon}$

Tvær eindir aðgreinanlegar — mögulegar umraðanir



$Z_2 = e^0 + e^{-\beta\epsilon} + e^{-\beta\epsilon} + e^{-2\beta\epsilon}$

$\rightarrow Z_2 = (Z_1)^2$

og áður notuðum við $Z_N = (Z_1)^N$

(2)

En tvær óaðgreinanlegar eindir?



$\rightarrow Z_2 = e^0 + e^{-\beta\epsilon} + e^{-2\beta\epsilon} \neq (Z_1)^2$

Ef allar eindirnar væru í mismunandi ástöndum þá værum við að of-telja um $N!$

$\rightarrow$ einföld nálgun $Z_N = \frac{(Z_1)^N}{N!}$

fyrir kjörgas verður þá fjöldi setjanlegra ástanda við T að vera miklu hærri en fjöldi einda, eða

$\boxed{n \ll n_Q}$ þéttleiki einda

(3)

Ef þetta heldur þá er

$$Z_N = \frac{1}{N!}\left(\frac{V}{\lambda_{th}^3}\right)^N$$

Sjáum á næstu síðu að nálgunin er í lagi fyrir N_2 við herbergishita og hærri, en ekki fyrir rafeindir í málmi

$\boxed{n \ll n_Q}$

Sjáum síðar að þessi gös eru mjög ólík

hlýgas : N_2

kulgas : e í málmum

$n_{N_2} \sim 10^{25}\ m^{-3}$

$n_e \sim 10^{29}\ m^{-3}$

↑ í málmi



Ástandsbreytur fyrir kjörgas

$$Z_N = \frac{1}{N!}\left(\frac{V}{\lambda_{th}^3}\right)^N \sim \left\{V T^{3/2}\right\}^N \quad \leftarrow \lambda_{th} \sim T^{-1/2}$$

$$\rightarrow \ln Z_N = N \ln V + \underbrace{\frac{3N}{2}\ln T + \text{fasti}}_{\frac{3N}{2}\ln\left(\frac{1}{\beta}\right)}$$

$$\rightarrow U = -\frac{d \ln Z_N}{d\beta} = \frac{3}{2} N k_B T$$

$$\rightarrow C_V = \frac{3}{2} N k_B \leftarrow \text{eins og áður sást}$$

$$F = -k_B T \ln Z_N = -k_B T\, N \ln V - \frac{3N}{2} k_B T \ln T - k_B T \cdot \text{fasti}$$

$$\rightarrow p = -\left(\frac{\partial F}{\partial V}\right)_T = \frac{N k_B T}{V} = n k_B T \quad \leftarrow \left\{\begin{array}{l}\text{ástandsjafna} \\ \text{kjörgass}\end{array}\right.$$

$$H = U + pV = \frac{5}{2} N k_B T$$

$$Z_N = \frac{1}{N!}\left(\frac{V}{\lambda_{th}^3}\right)^N \quad \text{og} \quad \ln N! \approx N \ln N - N$$

$$\rightarrow \ln Z_N \approx N \ln V - 3N \ln \lambda_{th} - N \ln N - N$$

$$= N \ln\left\{\frac{Ve}{N\lambda_{th}^3}\right\}$$

the number e, $\ln e = 1$

$$\rightarrow F = -N k_B T \ln\left\{\frac{Ve}{N\lambda_{th}^3}\right\} = N k_B T\left\{\ln(n\lambda_{th}^3) - 1\right\}$$

$$S = \frac{U-F}{T} = \frac{3}{2} N k_B + N k_B \ln\left\{\frac{Ve}{N\lambda_{th}^3}\right\}$$

$$= N k_B \ln\left\{\frac{Ne^{5/2}}{N\lambda_{th}^3}\right\} = N k_B\left\{\frac{5}{2} - \ln(n\lambda_{th}^3)\right\}$$

$$G = H - TS = \frac{5}{2} N k_B T - N k_B T \ln\left\{\frac{Ve^{5/2}}{N\lambda_{th}^3}\right\}$$

$$= N k_B T \ln\left\{n\lambda_{th}^3\right\}$$

1

Mótsögn Gibbs ⇔ óaðgreinanleiki

fyrir skammtakjörgas fékkst jafna Sackur-Tetrode

$$S = Nk_B\left\{\frac{5}{2} - \ln(n\lambda_{th}^3)\right\}$$

skoðum Joule þenslu

þéttleiki gassins helmingast

$$\Delta S = S_f - S_i = Nk_B\left\{-\ln\left(\frac{n}{2}\lambda_{th}^3\right) + \ln(n\lambda_{th}^3)\right\}$$

$$= Nk_B \ln 2$$

Rétt eins og áður, útþenslan er eingengt ferli

2

útþensla tveggja mismunandi gastegunda

$$\longrightarrow \Delta S = 2\{Nk_B \ln 2\}$$

en, sama gastegund

samkvæmt sígildri eðlisfræði hefði mátt búast við $\Delta S = 2\{Nk_B\ln 2\}$

óaðgreinanlegar sameindir → engin breyting

$$\longrightarrow \Delta S = 0$$

$\boxed{\text{óaðgreinanleiki}}$ ← skammtahugmynd

3

Varmarýmd tvíatóma gass

$$Z = Z_{trans} Z_{vib} Z_{rot}$$

$$Z_{trans} = \frac{V}{\lambda_{th}^3}$$

$$Z_{vib} = \frac{e^{-\frac{\beta\hbar\omega}{2}}}{1-e^{-\beta\hbar\omega}}$$



$$Z_{rot} = \sum_{j=0}^{\infty}(2j+1)e^{-\beta\hbar^2 j(j+1)/2I}$$

$$U = -\frac{d\ln Z}{d\beta}$$

summa þáttanna trans, vib., rot.,
→ C_V er einnig summa þeirra

4

Efnamætti

þurfum að fjalla um kerfi með breytilegum fjölda eininda, t.d.

$$2H_2 + O_2 \longrightarrow 2H_2O$$

förum okkar frá kórsafninu yfir í stóra kórsafnið

Endurbætum 1. lögmálið

ef engin breyting á S og V

$$dU = TdS - pdV + \mu dN$$

orkan breytist ef eind er bætt við, eða hún er tekin úr kerfinu

$$\mu = \left(\frac{\partial U}{\partial N}\right)_{S,V}$$

Efnamættið er mælikvarði á hve mikla orku þarf til að breyta eindafjölda

5

Endurbættum varmafræðilegu mættin

$$F = U - TS, \quad G = U + pV - TS$$

$$\rightarrow \quad dF = -p\,dV - S\,dT + \mu\,dN$$

$$dG = V\,dp - S\,dT + \mu\,dN$$

$$\rightarrow \quad \mu = \left(\frac{\partial F}{\partial N}\right)_{V,T}, \qquad \mu = \left(\frac{\partial G}{\partial N}\right)_{p,T}$$

Merking μ

$$S = S(U,V,N)$$

S eykst eða stendur í stað í ferli

$$\rightarrow \quad dS = \left(\frac{\partial S}{\partial U}\right)_{N,V} dU + \left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_{N,U} dV + \left(\frac{\partial S}{\partial N}\right)_{U,V} dN$$

$$dU = T\,dS - p\,dV + \mu\,dN$$

$$\rightarrow \quad dS = \frac{dU}{T} + \frac{p\,dV}{T} - \frac{\mu\,dN}{T}$$

$$\left(\frac{\partial S}{\partial U}\right)_{N,V} = \frac{1}{T}, \qquad \left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_{N,U} = \frac{p}{T}, \qquad \left(\frac{\partial S}{\partial N}\right)_{U,V} = -\frac{\mu}{T}$$

6

Varmaleiðni milli kerfa



$$dS = \left(\frac{\partial S_1}{\partial U_1}\right)_{N,V} dU_1 + \left(\frac{\partial S_2}{\partial U_2}\right)_{N,V} dU_2$$

$$= \left(\frac{\partial S_1}{\partial U_1}\right)_{N,V} (-dU) + \left(\frac{\partial S_2}{\partial U_2}\right) dU$$

$$= \left\{-\frac{1}{T_1} + \frac{1}{T_2}\right\} dU \geq 0$$

2. lögmálið

hér verður $T_1 \geq T_2$ og jafnvægi næst þegar $T_1 = T_2$



$$dS = \left(\frac{\partial S_1}{\partial N_1}\right)_{U,V} dN_1 + \left(\frac{\partial S_2}{\partial N_2}\right)_{U,V} dN_2$$

$$= \left(\frac{\partial S_1}{\partial N_1}\right)_{U,V} (-dN) + \left(\frac{\partial S_2}{\partial N_2}\right)_{U,V} dN$$

$$= \left\{\frac{\mu_1}{N_1} - \frac{\mu_2}{N_2}\right\} dN \geq 0$$

Ef $T_1 = T_2$ og $dN > 0$
$\rightarrow$ eindir flæða frá 1 yfir í 2 þegar $\mu_1 > \mu_2$
jafnvægi þegar $\mu_1 = \mu_2$

7

Efnamættið fyrir kjörgas

Höfum að

$$\mu = \left(\frac{\partial F}{\partial N}\right)_{V,T}$$

og áður að

$$F = N k_B T \left\{ \ln(n\lambda_{th}^3) - 1 \right\}$$

og

$$n = \frac{N}{V}$$

$$\rightarrow \quad \mu = k_B T \left\{ \ln(n\lambda_{th}^3) - 1 \right\} + N k_B T \frac{1}{N}$$

$$= k_B T \ln(n\lambda_{th}^3)$$

Áður fékkst fyrir kjörgasið

$$G = N k_B T \ln(n\lambda_{th}^3)$$

því fæst hér að

$$\mu = \frac{G}{N}$$

sjáum bráðlega að svo jafna hefur víðari skírskotun

8

Stóra Kórsumman

Hugsum okkur lítið kerfi sem er opið fyrir orku og agna flutningi

óreiða geymir $\quad U \gg \epsilon \quad \mathcal{N} \gg N$



$$S(U-\epsilon, \mathcal{N}-N) = S(U,\mathcal{N}) - \epsilon\left(\frac{\partial S}{\partial U}\right)_{\mathcal{N},V} - N\left(\frac{\partial S}{\partial \mathcal{N}}\right)_{U,V}$$

$$= S(U,\mathcal{N}) - \frac{\epsilon}{T} + \frac{N\mu}{T}$$

$$= S(U,\mathcal{N}) - \frac{1}{T}(\epsilon - \mu N)$$

$P(\epsilon,N)$ líkindi á stórsæju ástandi kerfis er í réttu hlutfalli við Ω, fjölda smásæja ástandi í stórsæja ástandinu

$$S = k_B \ln \Omega$$

$$P(\epsilon,N) \sim \exp\left\{\frac{S(U-\epsilon,\mathcal{N}-N)}{k_B}\right\} \sim \exp\left\{\beta(\mu N - \epsilon)\right\}$$

9

Dreifing Gibbs fyrir stóra kórsafnið

$$\boxed{P_i = \frac{e^{\beta(\mu N_i - E_i)}}{\mathcal{Z}}}$$

með stóru kórsummunni

$$\boxed{\mathcal{Z} = \sum_i e^{\beta(\mu N_i - E_i)}}$$

Hægt er að sýna að

$$N = \sum_i N_i P_i = k_B T \left(\frac{\partial \ln \mathcal{Z}}{\partial \mu}\right)_\beta$$

$$U = \sum_i E_i P_i = -\left(\frac{\partial \ln \mathcal{Z}}{\partial \beta}\right)_\mu + \mu N$$

$$S = -k_B \sum_i P_i \ln P_i = \frac{U - \mu N + k_B T \ln \mathcal{Z}}{T}$$

Höfum kynnt

litla kórsafnið

Orkan U föst

$\Omega = e^{\beta T S}$

$S = k_B \ln \Omega$

kórsafnið

varmaskipti við geymi

$Z = e^{-\beta F}$

$F = -k_B T \ln Z$

stóra kórsafnið

varma og efnis skipti við geymi

$\mathcal{Z} = e^{-\beta \Phi_G}$ ← nýtt

10

Varmafræðilega mætti Gibbs

$$\boxed{\Phi_G = -k_B T \ln \mathcal{Z}}$$

höfðum áður

$$S = \frac{U - \mu N - k_B T \ln \mathcal{Z}}{T}$$

$$\to \quad -k_B T \ln \mathcal{Z} = U - TS - \mu N$$

$$\to \quad \boxed{\Phi_G = U - TS - \mu N = F - \mu N}$$

Afleiðan er

$$d\Phi_G = \underbrace{dF - \mu dN}_{} - N d\mu = -SdT - pdV - Nd\mu$$

Berum saman við

$$d\Phi_G = \left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial T}\right)_{V,\mu} dT + \left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial V}\right)_{T,\mu} dV + \left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial \mu}\right)_{T,V} d\mu$$

og sjáum að

$$S = -\left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial T}\right)_{V,\mu}$$

$$p = -\left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial V}\right)_{T,\mu}$$

$$N = -\left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial \mu}\right)_{T,V}$$

11

finnum Φ_G fyrir kjörgas

Höfum

$$F = N k_B T \left\{ \ln(n \lambda_{th}^3) - 1 \right\}$$

og

$$\mu = k_B T \ln(n \lambda_{th}^3)$$

og ástandsjöfnuna

$$pV = N k_B T$$

$$\to \quad \Phi_G = F - \mu N = N k_B T \left\{ \ln(n\lambda_{th}^3) - 1 \right\} - N k_B T \ln(n \lambda_{th}^3) = -N k_B T$$

eða

$$\boxed{\Phi_G = -pV}$$

reynum

$$\left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial \mu}\right)_{T,V} = \underbrace{\left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial N}\right)_{T,V}}_{-k_B T} \underbrace{\left(\frac{\partial N}{\partial \mu}\right)_{T,V}}_{\frac{N}{k_B T}}$$

$$\hookrightarrow \left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial \mu}\right)_{T,V} = -N$$

eins og sást áður

12

$$\left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial V}\right)_{T,\mu} = -\left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial \mu}\right)_{T,V} \left(\frac{\partial \mu}{\partial V}\right)_{T,\Phi_G} = N \left(\frac{\partial \mu}{\partial V}\right)_{\underbrace{T,\Phi_G}}$$

$\Phi_G = -N k_B T$

$\to$ fast T og N

notum $N = nV$

$$\left(\frac{\partial \mu}{\partial V}\right)_{T,N} = k_B T \left\{ \frac{\partial \ln(N \lambda_{th}^3 / V)}{\partial V} \right\}_{T,N} = -\frac{k_B T}{V}$$

$$\to \quad \left(\frac{\partial \Phi_G}{\partial V}\right)_{T,\mu} = -\frac{N k_B T}{V} = -p$$

Efnamættið sem mætti Gibbs á eind

(1)

Sáum að fyrir kjörgas gildir

$$\mu = \frac{G}{N}$$

Sýnum að jafnan sé almenn:

Þegar kerfi er stækkað búum við við að allar magnstærðir breytast skalist á sama hátt.

$$U \to \lambda U, \quad S \to \lambda S$$

$$V \to \lambda V, \quad N \to \lambda N$$

$$\to \lambda S(U,V,N) = S(\lambda U, \lambda V, \lambda N)$$

$$\to S = \frac{\partial S}{\partial(\lambda U)}\frac{\partial(\lambda U)}{\partial \lambda} + \frac{\partial S}{\partial(\lambda V)}\frac{\partial(\lambda V)}{\partial \lambda} + \frac{\partial S}{\partial(\lambda N)}\frac{\partial(\lambda N)}{\partial \lambda}$$

notum

$$\left(\frac{\partial S}{\partial U}\right)_{N,V} = \frac{1}{T}, \quad \left(\frac{\partial S}{\partial V}\right)_{N,U} = \frac{p}{T}$$

$$\left(\frac{\partial S}{\partial N}\right)_{U,V} = -\frac{\mu}{T}$$

og setjum $\lambda = 1$

$$S = \frac{U}{T} + \frac{pV}{T} - \frac{\mu N}{T}$$

$$\to \underbrace{U - TS + pV}_{G} = \mu N$$

(2)

$$\to \boxed{G = \mu N}$$

Því gildir almennt að efnamættið er G á eind

Á sama hátt sést ut. andi

$$\Phi_G = F - \mu N$$

$$F = U - TS$$

og

$$U - TS + pV = \mu N$$

að almennt gildir að

$$\boxed{\Phi_G = -pV}$$

ekki aðeins fyrir kjörgas eins og áður var sýnt

Fleiri en ein eindategund

útvíkkun

$$dU = TdS - pdV + \sum_i \mu_i dN_i$$

N_i: eindafjöldi tegundar i

$$dF = -pdV - SdT + \sum_i \mu_i dN_i$$

$$dG = Vdp - SdT + \sum_i \mu_i dN_i$$

og fyrir fast p og T

$$\boxed{dG = \sum_i \mu_i dN_i}$$

(3)

T.d. ein tegund einda í kassa (t.d. ljóseindir)

fast T og V, eindir ekki varðveittar

Kerfið „velur" N þ.a. F sé lágmarkað

$$\left(\frac{\partial F}{\partial N}\right)_{V,T} = 0$$

en

$$\mu = \left(\frac{\partial F}{\partial N}\right)_{V,T} = 0$$

Berum saman við

$$e^- + e^+ \leftrightarrow \gamma + \gamma$$

Gerum ráð fyrir að kerfið sé í kassa með

N_-: rafeindir

N_+: jáeindir

$$eN = eN_+ - eN_-$$

er hleðslan í kerfinu, sem er varðveitt

Lágmörkum F m.t.t. N_- (má alveg eins vera N_+)

$$\left(\frac{\partial F}{\partial N_-}\right)_{V,T,N} = 0$$

$$\to \underbrace{\left(\frac{\partial F}{\partial N_-}\right)_{V,T,N_+}}_{\mu_-} + \underbrace{\left(\frac{\partial F}{\partial N_+}\right)_{V,T,N_-}}_{\mu_+} \underbrace{\frac{dN_+}{dN_-}}_{-1} = 0$$

N_+ og N_- eru háðar breytur

$$\to \mu_+ + \mu_- = 0$$

(4)

Efnaferli

Skoðum fyrir kjörgas

$$\mu = k_B T \ln(n \lambda_{th}^3)$$

$$p = n k_B T$$

$$\to \mu = k_B T \ln\left(\frac{\lambda_{th}^3 p}{k_B T}\right)$$

Höldum T við staðalaðstæður, en leyfum p að víkja frá $p^\ominus$

merktar með $\ominus$

$$\mu(p) = k_B T \ln\left(\frac{\lambda_{th}^3 p^\ominus}{k_B T} \cdot \frac{p}{p^\ominus}\right)$$

$$= k_B T \ln\left(\frac{\lambda_{th}^3 p^\ominus}{k_B T}\right) + k_B T \ln\left(\frac{p}{p^\ominus}\right)$$

$$= \mu^\ominus + k_B T \ln\left(\frac{p}{p^\ominus}\right)$$

eða

